

SAMÞYKKT

um fráveitur og rotþrær í Blönduóssbæ.

I. KAFLI

Um fráveitur.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir um fráveitur, rotþrær og gjaldtöku því tilheyrandi í sveitarféluginu Blönduóssbæ.

2. gr.

Blönduóssbær starfrækir fráveitu í þéttbýli bæjarins. Sveitarsjóður kostar rekstur hennar og framkvæmdir við hana. Sveitarstjórн ákveður framkvæmdir við fráveitu og veitir árlega fē á fjárhagsáætlun sveitarsjóðs til reksturs og framkvæmda við hana. Blönduóssbær getur tekið að sér fráveitur á öðrum svæðum í sveitarféluginu. Tæknideild Blönduóssbæjar fer með umsjón, hönnun, framkvæmdir og rekstur fráveita sveitarfélagsins í umboði sveitarstjórnar.

3. gr.

Fráveiturnar veita fráveituvatni sem getur verið húsaskólp, iðnaðarskólp, ofanvatn, frárennslisvatn hitaveitu, kælivatn og ræsisvatn um fráveitulagnir frá byggð til viðtaka. Einföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni saman í einni fráveitulögnum en tvöföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni í tveimur aðskildum fráveitulögnum. Sveitarsjóður á allar holræsalagnir fráveitu, útrásir, stofnræsi, götuholræsi, ofanvatnsræsi í götum og opnum svæðum og götufraræsi að fráræsum húseigna. Þenn fremur allan fráveitubúnað, brunna, niðurföll, hverfisrotþrær, dælustöðvar og hreinsistöðvar.

4. gr.

Þar sem fráveita sveitarfélagsins nær til skal húseigendum séð fyrir götufraræsi frá götuholræsi að lóðamörkum húseigna. Þar sem fráveitan liggur um lóðir skal séð fyrir tengigrein á holræsalögnum. Tæknideild sveitarfélagsins ákveður legu götuholræsa og tengigreina.

5. gr.

Húseigendum sem eiga húseignir við vegi eða opin svæði þar sem fráveita sveitarfélagsins liggur er skylt að leggja á sinn kostnað fraræsi frá húseignum sínum og tengja þau við fráveituna. Þegar lögð er tvöföld fráveita skulu húseigendur halda skólpi aðskildu frá ofanvatni og bakrennslisvatni hitaveitu. Að öðru leyti gilda ákvæði reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

6. gr.

Þegar ekki er unnt að ná nægilegum halla á fraræsi húseignar að fráveitu sveitarfélagsins skal húseigandi leiða fráveituvatn frá húseigninni að roþró eða safnbrunni þannig staðsettum að hægt sé að veita fráveituvatni frá honum í fráveitu sveitarfélagsins. Hafi fráveita ekki verið komin þegar húseign var byggð skal húseigandi kosta og tengja fráveitu húseignar sinnar við fráveitu sveitarfélagsins eftir að hún hefur verið lögð.

7. gr.

Eigendum fasteigna er skylt að hlíta því að lagnir fráveitu sveitarfélagsins séu lagðar um lóðir þeirra eða lönd og fram fari á þeim nauðsynlegt viðhald og hreinsun. Blönduóssbæ er skylt að halda raski í lágmarki og ganga snyrtilega um og færa allt til fyrra horfs eins og við verður komið.

8. gr.

Þar sem hætta er á að fráveituvatn frá fráveitu sveitarfélagsins flæði til baka um fráræsis-lagnir frá húseigendum vegna vatnsborðsriss af völdum ofanvatns eða hárrar sjávarstöðu skulu húseigendur koma fyrir sjálfvirkum flóðlokum við gólfniðurföll.

9. gr.

Húseigendum er skylt að halda vel við fráveitulögnum húseigna sinna og gæta þess að þær stíflist ekki. Fráveitulögnum frá fasteign að tengingu við fráveitukerfi sveitarfélagsins er eign fasteignareiganda og skal hann kosta allt viðhald og hreinsun hennar. Óheimilt er að láta í fráveitu sveitarfélagsins hvers kyns spilliefni, ólur, bensín, lífræn leysiefni eða annað það sem skemmt getur eða truflað rekstur fráveitukerfisins. Um mengunarvarnir fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og reglugerða settra samkvæmt þeim.

II. KAFLI

Um rotþrær.

10. gr.

Pessi kafli tekur til leyfisveitingar, gerðar, staðsetningar, frágangs og hreinsunar rotþróa í Blönduóssbæ. Jafnframt skulu uppfyllt ákvæði reglugerðar nr. 533/2001 um varnir gegn mengun vatns, nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns og nr. 799/1999 um seyru.

11. gr.

Rotþró er tankur til botnfellingar og hreinsunar á föstu sviflægu efni úr skólpi. Um stærð, gerð og frágang rotþróa fer samkvæmt leiðbeiningum Umhverfisstofnunar.

12. gr.

Skólp frá sérhverri húseign í Blönduóssbæ, sem ekki er unnt að tengja við holræsi sveitarfélagsins, skal leiða gegnum rotþró og siturlögn eða aðra sambærilega hreinsun. Eigendur fasteigna skulu sækja um leyfi til niðursetningar rotþróar eða safntanks til tæknideildar Blönduóssbæjar. Húseigandi kostar niðursetningu og annan frágang rotþróa og lagna svo og viðhald þeirra en bæjarstjórn getur sett sérstakar reglur um stuðning við framkvæmdirnar.

13. gr.

Blönduóssbær eða aðili á hans vegum annast hreinsun rotþróa frá öllu húsnaði í sveitarfélagini í samræmi við ákvæði samþykktar þessarar. Hreinsun er háð starfsleyfi í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Sveitarstjórn ákveður, að fengnum tillögum tæknideildar sveitarfélagsins og framkvæmdaraðila, tíðni hreinsunar. Rotþró skal þó ekki hreinsa sjaldnar en á þriggja ára fresti. Heilbrigðisfulltrúi getur mælt fyrir um örari hreinsun ef aðstæður krefja. Ákvörðun um tíðni skal tilkynnt íbúum og fyrirtækjum sveitarfélagsins, svo og ef um breytingar er að ræða, með hæfilegum fyrirvara. Blönduóssbæ er heimilt að fela öðrum aðilum framkvæmd hreinsunar.

14. gr.

Samþykki Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra þarf fyrir niðursetningu nýrra rotþróa, sem og verulegum endurbótum á eldri búnaði. Stærð, staðsetning og frágangur rotþróa og annars fráveitubúnaðar er háð samþykki Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra og úttekt byggingarfulltrúa.

15. gr.

Fráveituvatni úr rotþró skal veitt í útloftaða siturlögn og/eða sandsíu. Byggingarfulltrúa er heimilt að fenginni umsögn heilbrigðisfulltrúa að leyfa að afrennsli rotþróar fari í grjótpúkk verði öðru ekki við komið og ekki ástæða til að krefjast safntanks.

16. gr.

Rotþró skal hreinsa í samræmi við ákvæði samþykktar þessarar. Húseigandi skal sjá um að greiður aðgangur sé með hreinsitæki að rotþrónni og safntanki. Hreinsunaraðilar skulu hafa starfsleyfi til verksins samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í fór með sér mengun.

17. gr.

Umráðamenn eða eigendur rotþróa geta falið öðrum en Blönduóssbæ losun rotþróa og meðhöndlun seyru, enda framvísi þeir samningi við viðurkenndan þjónustuaðila með gilt starfsleyfi. Slíkur samningur skal gilda til þriggja ára í senn að lágmarki.

18. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna hreinsunar rotþróa skal hann koma slíkri kvörtun á framfæri til tæknideildar Blönduóssbæjar.

**III. KAFLI
Um fráveitu- og rotþróargjöld.**

19. gr.

Sveitarfélagið skal innheimta gjald vegna tengingar og lagnningar frárennslislagna frá lóðamörkum húseigenda við holræsakerfi sveitarfélagsins. Gjaldið skal ákveðið í gjaldskrá sem sveitarstjórn setur og birtir í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

20. gr.

Af þeim fasteignum í Blönduóssbæ sem liggja við vegi, götur eða opin svæði og tengjast fráveitulögnum sveitarfélagsins skal árlega greiða fráveitugjald og skal því varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu sveitarfélagsins. Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

21. gr.

Fráveitugjald greiðist af skráðum eiganda fasteignar ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjald þetta skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá sem sveitarstjórn setur og birtir í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, sbr. og ákvæði 11. gr. laga nr. 55/2004 um meðhöndlun úrgangs og að

Nr. 228

6. mars 2007

fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Fráveitugjaldið má taka lögtaki sem má gera í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Nýtur fráveitugjaldið lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

22. gr.

Fyrir hreinsun á rotþró og förgun seyru skal húseigandi greiða árlegt rotþróargjald sem standa skal undir kostnaði við verkið. Gjald þetta skal ákvæðið með sérstakri gjaldskrá í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, sbr. og ákvæði 11. gr. laga nr. 55/2004 um meðhöndlun úrgangs og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Sveitarstjórn setur og lætur birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Rotþróargjald hvers árs skal innheimt á sama hátt og fasteignagjöld til bæjarsjóðs Blönduóssbæjar. Heimilt er að innheimta aukagjald af þeim húseignum þar sem um óvenjumikinn kostnað er að ræða við hreinsun og tæmingu eða þegar um sérstaka rotþró við úтиhus er að ræða. Gjald þetta má þó aldrei vera hærra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið.

23. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að lækka eða fella niður holræsa- eða rotþróargjöld hjá tekjulitum elli- eða örorkulífeyrisþegum.

24. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum nema þyngrí refsing liggi við samkvæmt lögum. Mál varðandi brot á samþykkt þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

25. gr.

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Blönduóssbæjar og staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, sbr. og 3. ml. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923, til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 55/2001 um fráveitu, holræsi og holræsagjöld í Blönduóssbæ.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 25. gr. öðlast ákvæði 19. gr. ekki gildi fyrr en 1. nóvember 2007.

Umhverfisráðuneytinu, 6. mars 2007.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 21. mars 2007